

Heilsustefna Leikskólans Sólvalla

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2012) þá eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, matarræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing stuðlar að vellíðan og er börnum eðlislæg, hún hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börnin. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna. Í forvarnarstarfi leikskóla felst m.a. fræðsla, mat og verkefni fyrir börn, starfsfólk skóla og foreldra þar sem markmiðið er að skólaganga barnanna gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, trú þess á eigin hæfni og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.

Leggja á áherslu á

- umhyggju
- persónulega umhirðu
- holla næringu
- fjölbreytta hreyfingu
- ögrandi og krefjandi útivist
- slökun og hvíld
- tilfinningalegt jafnvægi
- jákvæð samskipti
- félagsleg tengsl (Aðalnámskrá leikskóla, 2012).

Í leikskólanum Sólvöllum leggjum við áherslu á hollan mat, að börnin læri að skammta sér sjálf þegar þau hafa þroska til og að þau fái að hafa um það að segja hvað fer á matardiskinn þeirra. Við hugsum einnig um matarsóun og reynum að gera okkar besta til að draga úr henni. Við leggjum einnig áherslu á hreyfingu, börnin fara í hreyfistundir þar sem farið er í ýmsa leiki og gerðar æfingar og þrautir. Útivera er stór hluti af dagskipulagi leikskólans og einnig förum við í gönguferðir. Elsti árgangur leikskólans fer einu sinni í viku í útikennslu. Við leggjum einnig mikið upp úr góðum og traustum samskiptum við börnin, við foreldra og á milli starfsmanna. Við viljum að öllum líði vel á leikskólanum, börnum, foreldrum og starfsfólki.